



FJÖLMIÐLANEFND

24. ágúst 2023

Ákvörðun nr. 2/2023

Beiðni trúfélagsins Votta Jehóva um andsvar á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla vegna umfjöllunar um félagið í miðlum Ríkisútvarpsins í janúar 2023

I. Málsvik

a. Kvörtun Votta Jehóva til Fjölmiðlanefndar

Fjölmiðlanefnd barst kvörtun trúfélagsins Votta Jehóva þann 25. júlí 2023, vegna ætlaðra brota Ríkisútvarpsins á 36. gr. laga um fjölmiðla um rétt til andsvara. Nánar tiltekið var kvartað yfir umfjöllun Ríkisútvarpsins um trúfélagið í útvarpsþættinum *Petta helst*, 12. og 13. janúar 2023, umfjöllun á vefsvæði RÚV 12. janúar 2023 og í sjónvarpsþættinum *Kastljósi*, 18. janúar 2023. Fram kom í kvörtun að í fyrrgreindum þáttum og á vef hafi verið fjallað með óvægnum hætti um trúfélagið Votta Jehóva þar sem settar hafi verið fram alvarlegar og rangar ásakanir á hendur Vottum Jehóva.

Í kvörtuninni eru gerðar athugasemdir við að ekki hafi verið haft samband við kvartanda til að veita honum færi á að koma sjónarmiðum á framfæri. Einnig eru gerðar athugasemdir við sinnuleysi um hagsmuni trúfélagsins með því að láta hjá líða að bregðast við kröfum þess um birtingu andsvara sem settar voru fram með bréfi 3. mars 2023 og ítrekaðar voru með tölvubréfi 14. mars 2023.

Um lagarök var vísað til 36. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (lög um fjölmiðla) um rétt til andsvara og 26. gr. sömu laga um lýðræðislegar grundvallarreglur og hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni. Óskaði kvartandi eftir því að Fjölmiðlanefnd hlutaðist til í málinu og tryggði rétt kvartanda til andsvara í samræmi við 4. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla. Var sú krafa gerð að RÚV yrði gert að birta andsvör félagsins, sem fram hefðu komið í bréfi kvartanda til Ríkisútvarpsins 3. mars 2023.



FJÖLMÍÐLANEFND

Tekið skal fram að í 36. gr. laga um fjölmiðla, sem erindi Votta Jehóva beindist öðrum þræði að, er kveðið á um andsvarsrétt aðila vegna umfjöllunar fjölmiðla og sérstaka heimild Fjölmiðlanefndar til þess að bregðast við í tilefni af synjun fjölmiðils þar að lútandi, sbr. 4. mgr. 36. gr. laganna. Samkvæmt málsgreininni ber Fjölmiðlanefnd að taka ákvörðun í málum er varða rétt til andsvara innan viku frá því að Fjölmiðlanefnd berast erindi þar að lútandi. Um slík mál gildir þannig sérstök flýtimeðferð sem á ekki við um önnur þeirra ákvæða sem kvörtun Votta Jehóva beinist að. Í álitinu þessu verður því eingöngu fjallað um þann hluta kvörtunar Votta Jehóva er varðar rétt félagsins til andsvara á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla.

b. Umfjöllun Ríkisútvarpsins

Í viðtali sem miðlað var í útvarpsþáttunum *Þetta helst* í janúar 2023, er rætt við nafngreinda konu sem mun vera fyrrum safnaðarmeðlimur í Vottum Jehóva og hafa stofnað stuðningshóp fyrir fyrrverandi Votta Jehóva vorið 2022 sem nú telur um 60 manns. Fram kemur í viðtalinu að konan hafi alist upp í umhverfi sértrúarsöfnuðar Votta Jehóva og hafi fjölskylda hennar verið hluti af söfnuðinum en síðar sagt sig úr honum. Lýsir konan reynslu sinni af því, upplifun sinni af þeirri innrætingu sem hún kveður eiga sér stað innan safnaðarins og af þeim veruleika sem hún kveður blasa við fólki eftir úrsögn úr söfnuðinum, sem að hennar sögn felur m.a. í sér að „foreldrar mega ekki tala við börn sín og börnin ekki við foreldra sína“. Viðtalinu var miðlað í tveimur þáttum í útvarpsþáttaröðinni *Þetta helst*. Í öðrum þættinum má einnig heyra hljóðbrot úr fréttaskýringarþáttunum *Kompási* sem fjölluðu um sambærilegt efni og sýndir voru á Stöð 2 og Vísi árið 2022. Þar heyrast þrjár nafngreindar konur, fyrrverandi Vottar Jehóva, greina frá atburðum sem þær segjast hafa orðið vitni að í tengslum við starfsemi trúfélagsins, meðal annars flengingum barna. Jafnframt kom fram í fyrri þætti *Þetta helst* um Votta Jehóva að fjöldi fyrrverandi meðlima sértrúarsafnaða hafi sett sig í sambandi við fréttastofu Stöðvar 2, eftir sýningu þátta *Kompáss* um sambærilegt efni árið 2022, og hafi lýst ótta, kvíða, þunglyndi og jafnvel sjálfsvígshugsunum eftir að hafa hætt í hinum og þessum söfnuðum.

Í sjónvarpsþættinum *Kastljósi* á RÚV 18. janúar 2023 er rætt við sama einstakling og þann sem var viðmælandi þáttanna *Þetta helst*, auk sálfræðings, en fram kemur að viðmælendurnir komi að fyrirhugaðri stofnun samtaka fyrir þolendur ofbeldis innan allra trúfélaga. Í tengdri umfjöllun á vef RÚV 12. janúar 2023 er vísað í fyrrgreind útvarps- og sjónvarpsviðtöl og málið sett í samhengi við aðra fjölmiðlaumfjöllun um sértrúarsöfnuði, þar á meðal áður nefnda umfjöllun fréttaskýringarþáttarins *Kompáss* á Stöð 2 og Vísi. Þá voru viðbrögð stjórnvalda við fjölmiðlaumfjöllun um trúfélagið rakin í umfjöllun á vef RÚV.



FJÖLMIÐLANEFND

c. Leiðréttingarkrafa Votta Jehóva til Ríkisútvarpsins

Í kvörtun Votta Jehóva kom m.a. fram að í engum af framangreindum fjórum tilvikum, þar sem hafðar hafi verið uppi alvarlegar ásakanir á hendur Vottum Jehóva, m.a. um alvarleg mannréttindabrot, hótanir, kúgun og andlegt og líkamlegt ofbeldi m.a. gagnvart börnum, hafi starfsfólk RÚV haft samband við félagið og gefið fulltrúum þess kost á að svara fyrir þær alvarlegu ásakanir og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þá hafi andsvör félagsins ekki verið birt þrátt fyrir beiðni þess efnis 3. mars 2023, sem ítrekuð hafi verið 14. mars 2023.

Með kvörtuninni fylgdu afrit af framangreindri fjölmiðlaumfjöllun og afrit af bréfi Votta Jehóva til Ríkisútvarpsins dags. 3. mars 2023, þar sem gerð var nánari grein fyrir því hvaða andsvörum kvartandi vildi koma á framfæri vegna umfjöllunar Ríkisútvarpsins á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla um rétt til andsvara. Í bréfinu sagði m.a.: „*Við beitum þeim rétti með því að setja fram þá kröfu að þið birtíð án tafar – án endurgjalds, óstyttnar, án viðbótar, úrfellingar eða innskota, á áberandi stað á heimasíðu vefseturs ykkar, ruv.is, svo og á sömu netsíðu og efníð sem um ræðir birtist – texta þann sem þið finnið í ramma hér að neðan ásamt tilheyrandi neðanmálstilvísunum (tölusetnum frá 1 til 10).*“ Með þeirri kröfu Jehóva fylgdi texti í afmörkuðum ramma, þar sem fullyrðingum um mannréttindabrot, andlegt ofbeldi, kúganir og hótanir var m.a. hafnað. Í neðanmálgrein sagði: „*Lengd andsvars okkar (u.þ.b. 800 orð) er sambærileg við lengd textans í grein ykkar (rúmlega 2500 orð). Þess vegna væntum við þess að þið birtíð allan textann.*“

Fram kom að Vottar Jehóva vildu að auki nýta sér rétt til andsvara með því að setja fram þá kröfu að Ríkisútvarpið, samkvæmt 36. gr. laga um fjölmiðla, skuli „*án tafar birta þannig að eftir verði tekið – án endurgjalds, óstyttnar, án viðbótar, úrfellingar eða innskota, í komandi þætti í útvarpsþáttaröðinni „Þetta helst“ og í sjónvarpsþættinum „Kastljósi“ – þá orðsendingu sem finna á í rammanum hér að neðan.*“ Með þeirri kröfu Jehóva fylgdi einnig sams konar texti í afmörkuðum ramma, nokkuð styttri en hinn fyrri, þar sem fullyrðingum um mannréttindabrot, andlegt ofbeldi, kúganir og hótanir var m.a. hafnað.

Upplýst var í kvörtun til Fjölmiðlanefndar að Ríkisútvarpið hafi ekki orðið við beiðni Votta Jehóva um birtingu andsvara, þrátt fyrir beiðni þess efnis 3. mars 2023, sem ítrekuð hafi verið 14. mars 2023. Hafi bréfið m.a. verið sent með tölvupósti á ritstjóra Kastljóss, vefstjóra fréttastofu RÚV og umsjónarmann með dagskrá RÚV. Hafi Ríkisútvarpið ekki svarað erindinu að öðru leyti en því að svar hafi borist frá umsjónarmanni með dagskrá RÚV, þess efnis að hann „hefði ekki með málið að gera“.



FJÖLMIÐLANEFND

II: Sjónarmið Ríkisútvarpsins

Fjölmiðlanefnd óskaði þann 25. júlí 2023 eftir sjónarmiðum Ríkisútvarpsins vegna kvörtunarinnar og bárust þau föstudaginn 28. júlí. Í svörum Ríkisútvarpsins kom m.a. fram að þau andsvör sem Vottar Jehóva hefðu krafist að birt yrðu væru að mati Ríkisútvarpsins ekki í samræmi við a- og b-lið 36. gr. laga nr. 38/2011. Samkvæmt a- og b-lið 2. mgr. 36. gr. væri fjölmiðlaveitu heimilt að hafna beiðni um andsvar færi andsvarið yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin væru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins sem og ef í því felst annað og/eða meira en slík leiðrétting. Ríkisútvarpinu væri jafnframt ljóst að betur hefði farið á því að svara framkomnum erindum á sínum tíma með öðrum hætti en gert var.

III. Réttur til andsvara

Í 36. gr. laga um fjölmiðla er fjallað um réttinn til andsvara. Þar segir í 1. mgr. að aðili sem telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beiðt tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli hafi rétt til andsvara í viðkomandi miðli eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skuli birt eða þeim miðlað þegar eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar um og sé fjölmiðli óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir birtingu eða miðlun þeirra.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. getur fjölmiðlaveita synjað beiðni um andsvar við eftirfarandi aðstæður:

- a) andsvar fer yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynlegt til að leiðrétta staðreyndir málsins.
- b) í andsvarinu felst annað og/eða meira en að leiðrétta staðreyndir sem fram hafa komið hjá fjölmiðlaveitunni.
- c) andsvarið felur í sér efni sem brýtur í bága við almenn hegningarlög og er til þess fallið að gera fjölmiðlaveituna skaðabótaskylda eða er andstætt almennu siðferði.
- d) andsvarið brýtur gegn lögvörðum hagsmunum þriðja aðila.
- e) aðili getur ekki sýnt fram á að hann eigi einstaklingsbundinna, lögvarinna hagsmuna að gæta.
- f) upplýsingarnar sem fjölmiðlaveitan miðlaði eru beinar tilvitnanir í gögn sem stafa frá stjórnvöldum eða dómstólum.

Synji fjölmiðlaveita beiðni um andsvar eða bregðist ekki við beiðni aðila innan þriggja sólarhringa getur hlutaðeigandi beint erindi þar að lútandi til Fjölmiðlanefndar sem tekur ákvörðun um hvort aðili eigi rétt á að koma andsvörum á framfæri. Ákvörðun skal tekin innan viku frá því



FJÖLMIÐLANEFND

Fjölmiðlanefnd berst erindi þar um og skal nefndin leggja fyrir viðkomandi fjölmiðlaveitu að miðla andsvari án tafar þegar við á.

Réttur til andsvars tekur til allra fjölmiðla og bæði einstaklingar og lögaðilar geta nýtt sér hann, að því tilskildu að þeir eigi lögmætra hagsmuna að gæta. Þá lýtur rétturinn að því að koma andsvörum á framfæri eftir að efni hefur verið miðlað í fjölmiðli en ekki áður en því er miðlað.

Brot gegn 1. og 4. mgr. 36. gr. geta varðað stjórnvaldssekt, sbr. m-lið 1. mgr. 54. laga um fjölmiðla, auk þess sem Fjölmiðlanefnd er heimilt að leggja dagsektir á þann sem vanrækir að verða við ákvörðun nefndarinnar um skyldu til að birta andsvör, sbr. e-lið 1. mgr. 36. gr. Fjölmiðlaveitur bera ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta vegna brota gegn ákvæðum laga um fjölmiðla, sbr. 1. mgr. 54. gr. laganna.

IV. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar

Fjölmiðlaveitu er heimilt, á grundvelli a- og b- liðar 2. mgr. 36. gr., að hafna beiðni um andsvar fari andsvarið yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins, sem og ef í andsvari felst annað og/eða meira en slík leiðrétting. Í athugasemdum við 36. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla segir að með þessu séu tekin af öll tvímæli um að andsvarsréttur taki einungis til leiðréttinga á staðreyndum. Aðilar geti ekki á grundvelli hans eignast rétt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri að öðru leyti.

Að mati Fjölmiðlanefndar fóru andsvör Votta Jehóva, sem sett voru fram í bréfi félagsins til Ríkisútvarpsins þann 3. mars 2023 yfir þau mörk í tíma og lengd sem nauðsynleg geta talist til að leiðrétta staðreyndir málsins, sbr. a-lið 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla. Þá telur Fjölmiðlanefnd að framangreind andsvör hafi falið í sér annað og meira en að leiðrétta þær staðreyndir sem fram höfðu komið, sbr. b-lið 2. mgr. 36. gr. sömu laga.

Í ljósi alls framangreinds var það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að kvartandi ætti ekki rétt til þeirra andsvara sem óskað hafði verið eftir á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla, vegna umfjöllunar Ríkisútvarpsins um trúfélagið Votta Jehóva í janúar 2023. Var sú niðurstaða tilkynnt kvartanda með tölvubréfi 8. ágúst 2023.



FJÖLMIÐLANEFND

V. Ákvörðunarorð

Ríkisútvarpinu ohf. verður ekki gert að birta andsvör kvartanda, trúfélagsins Votta Jehóva, á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla, vegna umfjöllunar Ríkisútvarpsins um trúfélagið í janúar 2023.

Einar Hugi Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

Róbert H. Haraldsson